

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2019

2020/EES/48/22

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1048 frá 18. júlí 2018 um kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 66xg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66xh. **32018 R 1048**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1048 frá 18. júlí 2018 um kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur um hæfisbundna leiðsögu (Stjttíð. ESB L 189, 26.7.2018, bls. 3).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1048, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 189, 26.7.2018, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.